

Greinargerð vegna deiliskipulagsbreytingar vegna sameiningu lóða nr. 7 og 9b við Dalshraun.

Strendingur ehf. fyrir hönd Brimgarða ehf. óskar eftir að fá að sameina lóðir við Dalshraun 7. og 9b. og afléttingu kvaðar um göngustíg á milli lóða.

Forsaga

Síld og fiskur ehf sem framleiðir og selur vörur undir merkjum Ali í húsnæði við Dalshraun 9b, hefur um tíma verið að leita eftir möguleikum til að stækka húsnæði vegna starfsemi sinnar. Nýlega bauðst eiganda að kaupa húseign við Dalshraun 7 og til að skipulag starfsemi henti framleiðsluferli fyrirtækisins sem best eru upp hugmyndir um að tengja saman þessar tvær byggingar með nettri tengibyggingu upp á tvær hæðir þannig að hægt sé að ganga og ferja vörur á milli bygginga af báðum hæðum.

Núverandi skipulag

Upprunalegt deiliskipulag fyrir iðnaðarhverfi austan Reykjavíkurveggar er frá 5. mars 1985. Í því deiliskipulagi er engin kvöð um gangstíg á milli lóða við Dalshraun 7. og 9b.

Nýtt deiliskipulag var samþykkt þann 11. júní 2002 fyrir Dalshraun 7. og þar kemur inn kvöð um gangstíg á milli lóða 7. og 9b. við Dalshraun.


Nýtt deiliskipulag var samþykkt þann 15. maí 2012 fyrir Dalshraun 9b. þar sem byggingarreitur er stækkaður og lóðarmörk skilgreind á milli Dalshraun 9. og 9b. sem höfðu verið samþykkt í bókun bæjarráðs Hafnarfjarðar þann 18. júlí 1991.

Göngustígur sem kvöð er um á milli lóða hefur ekki verið lagður og í dag er þar girðing og óhreyft mosavaxið hraunfyrirborð, sjá myndir.



Drög að nýju skipulagi

Ef jákvæð umsögn fæst við þessari greinargerð verður eins og áður segir óskað eftir deiliskipulagsbreytingu þar sem lóðir 7. og 9b við Dalshraun verði sameinaðar og kvöð um gangstíg milli lóða verði aflétt og byggingar tengdar saman með nettri tengibyggingu upp á tvær hæðir, sjá myndir.



Ný lóðarmörk merkt með rauðum lit og staðsetning tengibyggingar merkt með grænum.



Ásýnd á Dalshraun 7. og 9b. séð frá Fjarðarhrauni. Staðsetning tengibyggingar merkt með grænum lit.

Tekið saman af PP, Strendingur ehf., ágúst 2022